



Lög Félags ungmenna í Ártúnsskóla, FÚÁ

1. gr.

Félagið heitir Félag ungmenna í Ártúnsskóla, skammstafað FÚÁ. Heimili þess er í Ártúnsskóla, Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk félagsins er að gera góðan skóla enn betri og efla félagsstarf nemenda.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að:

- móta dagskrá félagsstarfs nemenda í samráði við deildarstjóra og skólastjórnendur,
- styrkja félagsfærni nemenda,
- bæta umhverfi skólans, jafnt utan sem innan,
- efla íþróttir og holla hreyfingu nemenda,
- halda úti heimasíðu með upplýsingum fyrir nemendur, fréttum af starfsemi félagsins og góðum tenglum.

4. gr.

Félagsmenn eru allir nemendur Ártúnsskóla. Félagsmenn hafa einir atkvæðarétt á félags- og aðalfundum en fyrrverandi nemendum er frjálst að sitja félags- og aðalfundi, með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Aðalfundur Félags ungmenna í Ártúnsskóla, FÚÁ skal haldinn í maí ár hvert og skal boðað til hans með a.m.k. viku fyrirvara. Á aðalfundi kjósa verðandi nemendur 5. - 7. bekkja sína fulltrúa í stjórn.

6. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar
2. Lagabreytingar
3. Kosning stjórnar
4. Önnur mál.

7. gr.

Stjórn félagsins er skipuð tveimur nemendum úr hverri bekkjardeild í 5. - 7. bekk. Auk þess sitja í stjórn tveir áheyrnarfulltrúar úr öllum bekkjardeildum 1. - 4. bekkja, tilnefndir af umsjónarkennurum. Skipt er um áheyrnarfulltrúa við annaskil. Stjórn félagsins skiptir með sér verkum og tekur ákvarðanir um fundahöld stjórnar og hvernig stjórnarfundir og aðrir fundir á vegum félagsins skulu boðaðir.

8. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.